

Taxtar 2020

Í 8. grein reglugerðar nr. 285/2015 er kveðið á um að landshlutaverkefningin, nú Skógræktin, skuli ákveða að fenginni umsögn Landssamtaka skógareigenda, sameiginleg viðmið um endurgreiðslu samþykktar kostnaðar, þ.m.t. krónutölu hámarksendurgreiðslu fyrir hverja einingu.

Skógræktin leggur hér með fram taxtahækkun sem nemur 3,62% frá fyrra ári.

Um er að ræða blandaða vísitölu launa og verðlagsbreytinga (vísitölu framfærslu og vísitölu neysliverðs) á tímabilinu janúar 2019 til janúar 2020. Notuð verði hlutföllin 60% launavísitala og 40% vísitala framfærslu og neysliverðs = 3,62% hækkun á töxtun 2020.

	Taxtar 2020	2019	2020
1.	Gróðursetning Krónur/planta		
	67-gata bakki	15,85	16,42
	40-gata bakki	18,73	19,41
	35-gata bakki	21,51	22,29
	24-gata bakki	23,06	23,89
	Stiklingar	13,86	14,36
2.	Áburðargjöf		
	á nýgróðursetningu	8,72	9,04
	á eldri plöntur	11,48	11,90
3.	Handflekking	12,22	12,66
4.	Erfið handflekking	15,94	16,52
5.	Umsjónargjald	6,38	6,61
6.	Íbætur/íblöndun (viðbótargreiðsla)	4,68	4,85
7.	Plöntuflutningar kr. á plöntu		
	Innan við 24,9 km frá dreifingarstöð	1,59	1,65
	25-74,9 km frá dreifingarstöð	2,66	2,76
	Yfir 75 km frá dreifingarstöð	3,72	3,85
8.	Jarðvinnsla á hektara	38.045	39.422
9.	Skjólbelti	sjá skýringu	
10.	Millibilsjöfnun/snemmgrisjun í skógi		
	A) fyrir tré/stofna grennri en 7 cm DBH eru greiddar kr.	81,92	84,89
	B) fyrir tré/stofna sverari en 7 cm DBH eru greiddar kr.	125,48	130,02
11.	Slóðagerð, engir viðmiðunartaxtar eru til um slóðagerð. Unnið er með bændum og verktökum og aðstæður metnar í hverju tilfelli fyrir sig.		
12.	Ekki er greitt fyrir viðhald girðinga.		

Skýringar:

- Gróðursetning.** Mismunandi gjald er greitt fyrir hverja gróðursetta plöntu eftir bakkastærð.
- Áburður og áburðargjöf.** Mismunandi gjald er greitt fyrir áburðargjöf. Annars vegar á nýgróðursetningar þar sem miðað er við 12,5 gr. pr. plöntu sem dreift er u.þ.b. 5 cm frá plöntu og ofan við standi hún í halla. Inní gjaldinu er styrkur til áburðarkaupa en miðað er við að notaður sé

áburður með N og P innihaldi. Algeng hlutföll af N-P eru 26-13, 25-5, 23-12, 24-9. Hins vegar áburðargjöf á eldri gróðursetningar. Þar er átt við ársgamlar gróðursetningar og eldri. Þá miðast magnið við 25 gr. pr. plöntu sem dreift er eins og á nýgróðursetta plöntu. Samráð skal haft við skógræktarráðgjafa ef talin er þörf á áburðargjöf á eldri gróðursetningar.

3. **Handflekking.** Þegar gróðurhula ca. 20 x 20 cm. er rifin af til að bæta skilyrði fyrir gróðursetta plöntu.

4. **Erfið handflekking.** Eins og handflekking en á við um mjög grasgefið land og þéttan hrísmóa.

5. **Umsjónargjald.** Til umsjónar telst umhirða og flutningur á plöntum á gróðursetningarsvæði, útfylling og skil á kortum og gróðursetningarskýrslum.

6. **Íbætur/íblöndun.** Greitt er fyrir íblöndun þegar gróðursett er inn í eldri gróðursetningar. Á eingöngu við eftir ráðleggingar og samþykki ráðunauts. Upphæðin leggst ofaná gróðursetningarkostnað sbr. 1. lið.

7. **Plöntuflutningar.** Greitt er fyrir hverja plöntu, fast gjald.

8. **Jarðvinnsla.** Viðmiðunargjald ef bóndi sér sjálfur um jarðvinnslu (plæging, tæting, herfing osfrv.).

9. Um **framlag til ræktunar skjóllunda og skjólbelta** á jörðum gilda eftirfarandi reglur: Skógræktin annast skipulagningu skjóllunda og skjólbelta í samráði við ábúanda/landeiganda, eftirlit með framvindu þeirra og veita leiðbeiningar um meðferð þeirra. Ábúandi/landeigandi sér um jarðvinnslu, áburðargjöf, fergingu, plastlagningu og vörslu skjólbeltanna (t.d. girðingar). Af fjárveitingum Skógræktarinnar til skjólbeltagerðar er fastur vélastyrkur andvirði innskatts af efniskaupum (plöntur og plast), þessi háttur hefur verið hafður á árið tvö undanfarin ár. Útborgun verði þar með engin, en ábúandi/landeigandi innheimti virðisaukaskatt efnisreikninga. Innihald framlags í skjólbeltasamningi verður því eftirfarandi:

- a) Ráðgjöf og skipulag
- b) Plöntur og íbætur
- c) Gróðursetning skv. texta
- d) Plastdúkur

Ábúandi/landeigandi skal fara eftir ráðleggingum starfsmanns Skógræktarinnar varðandi skipulag, jarðvinnslu, plastlagningu, gróðursetningu, áburðargjöf, umhirðu og vörslu skjólbeltanna. Fari ábúandi/landeigandi ekki eftir þeim ráðleggingum fær hann ekki áframhaldandi framlög til skjólbeltaræktar. Þau skjólbelti sem verða til á þann hátt sem að framan greinir verða að öllu leyti í eigu ábúanda/landeiganda."

10. **Greiðslur fyrir millibilsjöfnun í lerkiskógi og fyrir fyrstu grisjun (svæði minni en 3 ha.)** í ungskógum er tvískiptur og er greitt eftir fjölda felldra trjáa. Öll grisjun umfram 3 hektara verður boðin út. Skógarbónda verður gert kleift að ganga inn í lægsta tilboð á sinni jörð ef hann óskar þess.